

Fundargerð aðalfundar FF 20. – 21. mars 2014

Bætt kjör, betri skóli

Dagskrá

Fimmtudagur 20. mars

12:30 Mæting og afhending fundargagna

13:00 Setning og ávörp gesta

13:45 Kosning fundarstjóra og ritara

Kynning dagskrár

Skýrsla stjórnar FF

Ársreikningur FF 2013

Ársreikningur Vísindasjóðs FF/FS 2013

14:45 Erindi og umræður um stöðu kjarasamninga

16:00 Kaffihlé

16:15 Mælt fyrir tillögum og málum. Fyrsta umræða og tillögum og málum vísað í nefndir

1. Tillaga um fjárhagsáætlun og um íbúð félagsins. Allsherjarnefnd (fjárhagsmál ofl.)
2. Tillögur um lagabreytingar. Laganefnd
3. Skýrsla nefndar um stöðu FF innan KÍ og tillaga um stefnu í innra starfi og félagsmálum. Nefnd um innra starf og félagsmál
4. Tillaga um skólastefnu. Nefnd um skólamál
5. Tillaga um kjarastefnu og kjarasamninga. Nefnd um kjaramál
6. Aðrar tillögur sem er vísað til umfjöllunar í einstökum nefndum

18:30 Léttur kvöldverður í boði félagsins. Gert er ráð fyrir að nefndir noti kvöldið til að undirbúa starfið daginn eftir.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður FF setur fundinn:

Formaður býður fundarfólk velkomið á 6. aðalfund FF. Rifjar upp að um aldamótin hafi kennarar þurft að grípa til róttækra aðgerða til að rétta hlut sinn og skólanna. Góður árangur í þeim samningum dugði okkur í nokkur ár. Hins vegar dró mjög í sundur þegar stjórnámálamenn sýndu mikinn ákafa í niðurskurði í skólakerfinu frá því löngu fyrir hrun, meðan góðæristími var víða annars staðar. Þeir sem tala um að skera niður nám til að rétta af rekstur skólanna og kjör í skólum eru á villigötum. Þegar skólastarfið sjálft er í hættu er umræða um þriggja eða fjögurra ára stúdentspróf hlægileg. Mikið Ginnungagap er á milli orða og efnda stjórnvalda í sambandi við menntamál. Opinbert skólastarf er talað niður með dylgjum og ómálefnalegum hætti. Engin djúp umræða um menntamál fer fram í samfélaginu miðað við það sem við sjáum í löndunum í kringum okkur. Kjarabaráttu okkar núna er ekki sérhagsmunabaráttu heldur baráttu fyrir almannahagsmunum. Meiri hljómgrunnur er fyrir baráttu okkar núna en oft áður, baráttan er til heilla fyrir samfélagið til framtíðar. Hún þakkar sjálfboðaliðum sem hafa streymt í Kennarahúsið fyrir að leggja baráttunni lið með ýmsum hætti. Baráttuandi og samstöðuandi er okkar styrkur. Óskar eftir kröftugum umræðum, gagnlegum niðurstöðum á aðalfundinum og setur fundurinn.

Ávörp þriggja gesta:

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir formaður Félags íslenskra framhaldsskóla og skólameistari

FB: Skrifnir tímar þar sem kennarar eru heima í verkfalli í baráttu fyrir bættum kjörum. Langt verkfall getur haft mikil áhrif í þjóðfélaginu. Óttast að við munum grafa undan þjóðmenningunni ef ekki er að gætt. Sérhvert viðmið er hægt að draga í efa, gera hlægilegt. Eftir standa einstaklingar sem eru óvissir um hvað sé rétt og hvað rangt. Kennarar eru í lykilstöðu að miðla þekkingu milli kynslóða. Með návist sinni, samskiptaháttum og allri framgöngu miðlar kennarinn afstöðu sinni og lífsýn til nemenda. Reynsla kennarans og ekki síst kennslureynsla skiptir þar miklu máli. Viðhorf og ekki síst lífsviðhorf lærir nemandinn af kennara sínum. Menntun er það sem situr eftir þegar þú hefur gleymt öllu því sem þú lærðir í skóla. Verðum að svara þeirri kröfu að framhaldsskólarnir veiti nemendum góða menntun, látum ekkert tækifæri ónotað að tengja við þau verðmæti sem okkur finnst skipta máli í lífinu. Þurfum góða kennara, vel menntaða og kennara sem elska starfið sitt, að þeir virði menninguna sem við erum sprottin úr, það er trygging þess að við látum okkur annt hvort um annað. Tjáir sig ekki um kjaramálin en vill árétta að kennarinn er sú stærð sem mestu ræður um farsæld þjóðarinnar. Óskar þess að fundurinn verði árangursríkur og kennarar komi fljótt aftur til starfa.

Þórður Árni Hjaltsted formaður KÍ:

Þakkar fyrir að fá að ávarpa fundargesti. Sýn stofnenda KÍ sú að það yrði kennurum til framdráttar að vera í einu félagi. Hann er enn þá þeirrar skoðunar og með auknu samstarfi er það möguleiki. Kennarar og stjórnendur fara nú fram á sanngjarna launaleiðréttingu. KÍ stendur með framhaldsskólakennurum og mikilvægt er að allir kennarar tali sama máli, kjör kennara þarf að lagfæra, annars er skólastarf í landinu í hættu. Núverandi ríkisstjórn er talsmaður græðgisafllanna sem hugsa ekki fyrst og fremst um gæði menntunar. Rifjar upp baráttu danskra kennara fyrir ekki löngu þar sem lög voru sett á vinnutíma grunnskólakennara. Vinnutímaákvæði í kjarasamningum virðast vera það sem stjórnámálamenn telja vera það sem skiptir sköpum í skólastarfi og virðast íslensk stjórnvöld vera á sömu sveif og danskir kollegar þeirra. Mikilvægt að muna að kennarar eru háskólamenntuð stétt og á að njóta þess í launum til jafns við aðrar háskólamenntaðar stéttir.

Kynjasjónarmið er mikilvægt að hafa í huga þegar kjarastaða stéttarinnar er rædd. Það er alþekkt að fjölmennar kvennastéttir eru verr staddar hvað varðar kaup og kjör. Nú eru félagsmenn KÍ 80% konur. Þessu er mikilvægt að breyta. Aðildarfélög KÍ hafa á undanförunum misserum skoðað aukna samvinnu um kjaramál, hvaða aðferðir getum við öll notað til að bæta kjör félagsmanna. Sameinuð stöndum við sterk. Skorar á ráðamenn landsins að setja menntamál í forsæti. Laga laun kennara þannig að þeir séu á pari við sambærilega hópa í samfélaginu. Óskar fundarmönnum góðs gengis í samningaviðræðum og farsældar!

Ólafur H. Sigurjónsson formaður FS:

Ávarpar fundarmenn. FS er fámennast aðildarfélagi KÍ, félagsmenn aðeins um 100. Allir hafa þeir verið kennarar. FS og FF gera sameiginlegan kjarasamning. Vinnustímaskilgreiningar og aldurshækkanir ná ekki til stjórnenda. Baráttumálin eru að fjármagn komi frá ríkinu til að standa undir þeirri gríðarlegri vinnu sem þarf að vinna áður en löggin ganga í gegn. Ráðist er að gæðum kennslunnar, áhrif efnahagskreppunar, einkavæðingu er hótað. Grafið er undan gæðum kennslunnar í mörgum löndum, lakari vinnuaðstæður s.s. bækur, hópastærðir og fleira. Alls staðar hefur menntakerfið farið í gegnum sömu stig. Afköst kerfanna jukust

stöðugt, frá 1960 hefur það ekki gerst þótt það sé mikil krafa um að svo sé. Skilningurinn lítill, próf reyna á minni staðreynda. Ef vel á að takast til þurfum við sem erum í daglegu samneyti við nemendur að takast á við breytingarnar. Ný námskrá er tækifærið til að koma þessu til leiðar. Vissulegar margar hættur á leiðinni en þeim fækkar ekki þótt við tökumst ekki á við þær. Raskar hugarró margra í dag. Nú eru upplýsingar ódýrar og aðgengilegar en trúverðugleiki þeirra öllu minni. Okkar hlutverk er að vekja áhuga nemenda á vísindum. Vinnufyrirkomulagið í kjaradeilu okkar þurfa samningsaðilar okkar að huga að. Óskar FF alls hins besta á komandi dögum.

Kosning fundarstjóra og ritara

Formaður FF ber upp þau Guðbjörn Björgólfsson og Kolbrún Elfu Sigurðardóttur sem fundarstjóra, Hafdísí Fjólu Ásgeirsdóttur og Halldóru Björt Ewen sem ritara. Fundurinn samþykkir þau með lófataki.

Kolbrún Elfa tekur við fundarstjórn, minnir á starfskonur fundarins og skjalavörð. Öll fundargögn eru á tölvulyklum og skjalavörður mun fara yfir praktísk atriði í sambandi við það að nefndarstörf eru rafræn. Hún áréttar stöðu aðalfulltrúa, varafulltrúa og almennra fundargesta. Aðeins aðalfulltrúar hafa tillögu- og atkvæðarétt. Fundarstjóri hefur nafnakall. Fundarstjóri minnir á að beina skal öllum tillögum í nefndir. Opið er fyrir framboð til trúnaðarstarfa sem kosið verður um á morgun. Áhugasamir eru beðnir að snúa sér til Sigurðar Inga Andréssonar fulltrúa í kjörstjórn fyrir kvöldmat. Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins í dag.

Skýrsla stjórnar FF til aðalfundar – Formaður FF

Formaður fer yfir skýrslu stjórnar FFF um starfsemi félagsins 2011-2014. Fer hratt yfir fyrstu tvo kafla og hvetur fundarmenn til að lesa þá. Vekur athygli á kafla um starfsfólk FF, 50% starfshlutfall sérfræðings í kjaramálum sem aðalfundur FF 2011 samþykkti, stjórn tók þá ákvörðun vegna anna á kjarasviði á þessu tímabili að hafa starfshlutfall 75%. Bendir á fróðlega samantekt um starfsemi félagsdeilda í framhaldsskólum veturinn 2013-2104. Bendir á rannsókn á líðan og starfsumhverfi sem unnin var í samvinnu við FS og Guðrúnu Ragnarsdóttur. Niðurstöðurnar voru notaðar í vinnu starfshóps um málefni framhaldsskóla sem skilaði skýrslu sumarið 2012. Rifjar upp gagnlega fundi með fulltrúum í samstarfsnefndum sem haldnir voru víða um land á árinu 2013 með nokkrum skólum í einu. Hún ræðir um málefni Vísindasjóðs FF og FS, fulltrúafundur FF 2013 samþykkti að stjórnir FF og FS og sjóðsins myndu leysa deilumál sín. Stjórn FF reyndi hvað hún gat til að framfylgja þeirri samþykkt en án árangurs. Ekki reyndist vilji til að þessar þrjár stjórnir hittust fullskipaðar. Bent er á sérstakt samkomulag annars vegar við ME vegna breytinga á skólastarfinu og hins vegar við MTR en skólinn hóf störf á grundvelli framhaldsskólalaga 2008. Við úttekt á stofnanasamningum á síðasta ári kom í ljós ýmiss misbrestur á kjarasamningum í einstökum skólum. Á því hefur nú verið ráðin bót. Fundarmenn eru hvattir til að lesa um allt það starf sem skólamálanefnd hefur unnið, hún er ein mikilvægasta nefnd félagsins, einnig bent á greinargerðir fulltrúa KÍ og FF í ýmsum stjórnnum, nefndum og ráðum. Formaður þakkar fyrir vel unnin störf á tímabilinu.

Ársreikningur FF 2013 - Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ

Fer yfir ársreikninginn sem er á netinu. Hann vekur athygli á uppsetningu ártala á glærunum. Fer yfir nokkur atriði. Framlag úr sjóði KÍ. Styrkur úr vinnudeilusjóði vegna kostnaðar við

kjarasamningsgerð á árinu 2011 en vinnudeilusjóðurinn ákvað að öðru leiti að hætta því á meðan ekki kæmu greiðslur inn í sjóðinn en svo hefur verið frá árinu 2010. Mannauðsstyrkurinn samkvæmt kjarasamningum er tekjufærður þegar hann er notaður. Tæpar 40.000.00 kr. eru rúmlega helmingur þeirrar upphæðar sem FF skilar inn í KÍ en hinn hlutinn er eftir í KÍ til að standa straum af miðlægrri þjónustu KÍ við aðildarfélögin. Rekstur húsnæðis FF er mjög breytilegur milli ára, vegna viðhalds sem kynnt var á síðasta aðalfundi FF (gluggar og þak) og vatnstjón á þessu tímabili. Liðurinn stjórn, nefndir og erindrekstur er mjög breytilegur milli ára. Rekstartapið sýnir miklar sveiflur sem til eru komnar vegna innra starfs félagsins og kjarasamningsvinnu. Vaxtatekjur hafa aukist vegna nýs samnings. Vaxtagjöldin hafa lækkað vegna þess að greitt var veglega inn á veðlánið á Karlagötunni. Á blaðsíðu fjögur í efnahagsreikningi er fasteignamat eignarinnar Karlagötu 15 skráð á kr. 11.000.000 en markaðsvirðið er helmingi hærra. Á blaðsíðu fimm er liður með skýringu nr. 6. Þetta eru þeir fjármunir sem félagið á og er að mestu leiti bundnir í Karlagötunni. Skammtímaskuldir, félagið skuldar KÍ, ekki eru lagðir vextir á skuldir. Fer yfir laun og launatengd gjöld, félagið greiddi um 30 milljónir í þennan lið á síðasta ári. Þarna kemur fram aukning eða sveifla í starfsmannamálum. Að lokum fer hann yfir sundurliðun yfir stjórnir og erindrekstur, það er mjög mismunandi frá ári til árs hvernig þessir þættir koma út, t.d. er erindreksturinn mjög breytilegur. Allt þetta hefur áhrif á afkomu félagsins og sýnir að það er nauðsynlegt að félagið eigi varasjóð.

Fundarstjóri opnar fyrir fyrirspurnir.

Er í skýringum hvað verður eftir í félagssjóði KÍ og frekar um skuldir við félagssjóð?

Hannes Þorsteinsson svarar: Það eru 37 milljónir sem verða eftir í KÍ á miðlægu sviði KÍ. Ætlar að verða við ábendingu um greinargerð um þetta þegar tekjurnar eru ákvarðaðar. KÍ leggur út fyrir öllum rekstri félaganna og ef allt er í jafnvægi þá breytist ekkert hjá félögunum. En þegar mikil útgjöld verða hjá félögunum þá myndast skuld.

Af hverju var farið að greiða lánið á Karlagötunni þegar félagið var skuld við KÍ?

Stjórn FF ákvað að nota fjármuni frá KÍ til að greiða niður lánið en ekki ganga á eigið fé FF.

Af hverju fóru svona miklir fjármunir til trúnaðarmanna?

Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður FF svarar: Mikið af fundum árið 2012 voru út af samkomulagsgerðinni á því ári. Allnokkrir sameiginlegir fundir haldnir með trúnaðarmönnum og formönnum.

Fundarstjóri ber upp ársreikning FF 2013 til atkvæða og hann samþykktur með miklum meirihluta.

Ársreikningur Vísindasjóðs FF/FS 2013 - Linda Rós Michaelsdóttir fulltrúi FF í stjórn Vísindasjóðs FF/FS

Fyrir sex árum hafði Linda þá hugmynd um starf í stjórn Vísindasjóðs að það fæli í sér nokkra fundi á ári, lagfæringar á úthlutunarreglum og fréttabréfaskrif. Fer stuttlega yfir sögu stjórnarsetu sinnar, hugmyndir um sameiningu sjóða innan KÍ sem og þjónustugjöld sem sjóðir þurfa að greiða til KÍ. Sömmuleiðis fer Linda yfir þær breytingar sem stjórn Vísindasjóðs gerði á starfsemi sinni. Les upp úr tölvupóstum sem hún fékk frá KÍ eftir að sjóðstjórnin ákvað, eftir samtal við RSK, að félagsmenn pössuðu sjálfir upp á kvittanir sínar en ekki

skrifstofa KÍ. Að þessu búnu er rakin nokkuð nákvæmlega upplifun sjóðstjórnar á störfum sínum fyrir sjóðinn og samskiptum við starfsmenn KÍ. Linda trúði því ekki að fyrri stjórn sjóðsins, sem allt er vandað fólk, hefði gert munnlegan samning við KÍ um aðstöðugjald sjóðsins. Svo er rakin nokkuð nákvæmlega saga um rannsókn sjóðstjórnar á því hvernig aðstöðugjald var ákveðið og hvernig bæri að standa að slíku samkomulagi. Ekki á að eyða mörgum orðum í það hvernig gekk að nálgast bókhaldsgögn sjóðsins. Sjóðstjórn sá sér ekki annað fært en að leita til lögfræðings til aðstoðar. Næst er vikið að bókun sem stjórn KÍ sendi frá sér fyrir rúmlega þremur árum. Afstaða sjóðstjórnar til afsökunarbeiðni formanns FF hefur ekki breyst. Talar við verðandi stjórn FF og leggur á það áherslu að það sé mikilvægt fyrir þá sem starfa fyrir félagið að hafa stuðning stjórnar félagsins og getað leitað til hennar. Leggur til að breytingar á hverju sem viðvikur sjóðnum verði lagðar undir alla félagsmenn en ekki ákveðnar á fundi eins og þessum.

Þórey Hilmaradóttir formaður Vísindasjóðs FF/FS

Talar um daglegan rekstur sjóðsins, stjórnin verið með sjálfstæðan rekstur sjóðsins úti í bæ í tvö ár. Samanburður á því að reka sjóðinn sjálfstætt úti í bæ eða í KÍ er jákvæður fyrir sjóðinn. Sparnaður vegna þess er tæplega kr. 2.8 milljónir. Bendir sérstaklega á að ekki er gert ráð fyrir neinum samlegðaráhrifum í þessu sambandi. Telur að ef það væri gert væri hægt að spara um kr. 600.000 til viðbótar. Fer yfir greiðslur vegna aksturs stjórnarfulltrúa, endurskoðendakostnað og lögfræðikostnað. Fer yfir dómsmálið gegn KÍ, kröfum sjóðsins var hafnað, dómurinn tekur allan vafa af því að KÍ er eigandi BIK reikningsins og þar af leiðandi áttu fjármunir sjóðsins aldrei að fara inn á þann reikning. Allir aðilar þ.e. stjórn og varastjórn sjóðsins voru sammála um að fara með málið lengra. Ræðir um frumgögn, stjórnin vill sannreyna að allt sé rétt. Nefnir að formaður KÍ hafi sent póst og beðið um að hinkra með stefnuna og þess vegna frestaðist þingsetningin til 2014. Búum í réttarríki, við erum ósammála, við teljum að við eigum gögnin, KÍ telur svo ekki vera. Verðum að fá úr þessu skorið í eitt skipti fyrir öll þannig að á þessu verði enginn vafi. KÍ ákvað að gagnstefna, segir að skrifstofustjóri KÍ hafi unnið stefnuna í samvinnu við lögmann. Vísindasjóðurinn er mjög öflugur og margir öfunda FF og FS af sjóðnum. Hagsmunir sjóðsfélaga eru miklir og stjórnin tók að sér að gæta hagsmuna þeirra. Þakkar sjóðfélögum fyrir samstarfið.

Guðlaugur Guðmundsson endurskoðandi Vísindasjóðs FF/FS

Ársreikningur sjóðsins er aðgengilegur á heimasíðu FF. Guðlaugur fer yfir ársreikning sjóðsins. Innkoma í sjóðinn er meiri en styrkveitingar og rekstrarútgjöld. Stjórn hefur samþykkt reikninginn sem og endurskoðandi sem ritar undir með fyrirvara um kostnað sem kann að hljóta af þeim ágreiningi sem ræddur hefur verið ítarlega fyrr á fundinum. Styrkveitingar eru stærsti útgjaldaliður sjóðsins. Eigið fé sjóðsins fer úr því að vera kr.130 milljónir 2011 í 133,5 milljónir í árslok 2013.

Fundarstjóri opnar fyrir fyrirspurnir um Vísindasjóð FF/FS

Guðríður Arnardóttir FG: Hefur fylgst með deilumálum sjóðsins undanfarin ár. Tekur við formennsku félagsins við leiðinlegar aðstæður. Úr því sem komið er verður vísindasjóðsmálið ekki leitt til lykta nema fyrir dómstólum. Á öllum málum eru tvær hliðar og nú erum við búin að fara yfir aðra hlið málsins. Það sem skiptir okkur máli er hvernig er farið með fjármuni sjóðsins. Ekki annað að sjá að vel sé farið með fjármuni sjóðsins. Mikilvægt að við snúum

bökum saman og förum saman út af þessum fundi. Skorar á núverandi stjórn Vísindasjóðs að gefa aftur kost á sér til starfa fyrir sjóðinn og að klára málið. Dómsmálaleiðin er eina leiðin til að komast að niðurstöðu í þessu máli og mikilvægt að núverandi sjóðstjórn klári málið.

Elías Þorsteinsson VMA: Talar fyrir munn margra kennara í VMA og MA þar sem málin voru rædd í þeirra verkfallsmiðstöð. Þar vilja menn breyta þessu fyrirkomulagi, hægt að fara einfaldari leiðir. Var búið að lækka kostnaðinn, launakostnað og annan kostnað. Einföldunin yrði þannig að eingreiða upphæðina til hvers og eins kennara í stað handvals eins og búið er að gera. Kennarar tækju síðan nótu fyrir endurmenntunarferðum og öðru eins og þeir hafa gert. Hverjum og einum greidd upphæðin og hverjum og einum gert að standa skil til skattsins.

Þórey Hilmarisdóttir: Verður fyrir svörum. Það væri auðvitið miklu einfaldara að borga okkur endurmenntunargjald inn í launin okkar. Hins vegar myndi þá það fjármagn sem fer í B-deildina hverfa algjörlega.

Baldvin Björgvinsson FB: Hefur fylgst með málinu frá upphafi en hélt að þetta væri að leysast. Aðilar eiga báðir að gæta hagsmuna félagsmanna. Þegar stolið er úr sjóðum vísindasjóðsins, það er verið að fela sannleikann, það á að ríkja gagnsýni. Á FF að ganga úr KÍ? Það eru ekki allir á því að FF eigi að vera innan KÍ. Getur KÍ ekki bara losað málið með því að veita aðgang að þessum gögnum?

Hannes Þorsteinsson: Bregst við orðum Baldvins. Telur að búið sé að afhenda öll þau gögn sem beðið var um þegar sjóðurinn fór úr húsi. Eru einhverjar líkur á því að þau sem starfa fyrir KÍ stæðu í þessu máli ef þetta væri eingöngu um það hvort gögn væru afhent eða ekki. Að sjálfsögðu ekki. Vald Hannesar byrjar og endar þar sem vald formanna aðildarféлага byrjar.

Guðlaugur endurskoðandi Vísindasjóðs FF/FS: Hefur aldrei orðið vitni að svona atburði áður eins og þegar Hannes kom hérna upp, á ekki til orð. Áttar sig ekki á hvað er í gangi. Halda menn virkilega að stjórn Vísindasjóðs FF/FS stæði í þessu ef öll gögn væru komin fram.

Guðni Guðjónsson IH: Skorar á Hannes að koma með gögnin á fundinn á morgun svo fundurinn geti skoðað þau.

Kaffihlé

Fundarstjóri ber ársreikninga vísindasjóðs upp til atkvæðagreiðslu. Þeir samþykktir með þorra greiddra atkvæða.

Lagt er til að reikningar séu ekki samþykktir nema með fyrirvara um niðurstöðu dómsmáls sjóðsins.

Erindi um stöðu kjarasamninga - Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður FF

Fer yfir dagsetningar varðandi viðræður en það eru tæpir fjórir mánuðir frá því samningaviðræður hófust og búið að halda á fjórða tug funda. FF og FS standa saman að

samningagerðinni, fer yfir hverjir sitja í viðræðunefndinni. Fer yfir hverjir sitja í SNR en í henni sitja m.a. tveir fulltrúar menntamálaráðuneytis. Samninganefndir FF og FS ákváðu að skynsamlegt væri að fara í aðgerðir fljótlega þegar samningurinn rynni út. Í atkvæðagreiðslunni kom fram sterkur stuðningur og verkfall hófst þann 17. mars. Sömu niðurstöður í MB og Tækniskólanum, búið að vísa deilunni við Ví til ríkissáttasemjara. Samningar á almennum markaði setja mark sitt á alla stöðuna, stjórnvöld og SNR tóku stöðu með þeim samningum. Almenna tilboðið kom um miðjan janúar þ.e. 2,8% á 12 mánaða samningstíma en því tilboði hafnað strax. Erfitt að komast í efnislegar samræður við samningsaðila um kröfugerð okkar. Höfnuðu að ræða okkar kröfur, sögðust ekki hafa stöðu til þess. Fyrir rúmum mánuði kom efnislegur samræðugrundvöllur fyrst fram. Áður var aðeins rætt það sem samið var um á almennum markaði, því mjög stutt síðan að þræðir urðu til í samræðum.

Allir þekkja kröfur okkar, í meginatriðum þríþættar: a) launin leiðrétt, b) laun okkar tengd launum samburðahópa, c) fjármagn til að endurreisa innra starf skóla. Í kröfum okkar kemur ekkert fram um samspil framhaldsskólalaga: lenging skólársins, fella niður skil milli kennslu- og prófadaga og nýja f-einingin. Þegar kjarasamningur rennur út þá opnast hann allur, líka kaflinn um vinnutímann. SNR sýndi fljótt mikinn hug á að ræða vinnutímakaflann. Það hefur verið efnisleg samræða um þessar breytingar, löggin eiga að taka gildi haustið 2015. Vitum að atriðin í lögnum varðandi störf og vinnufyrirkomulag fela í sér miklar og flóknar breytingar. Rétt fyrir verkfall setti SNR fram hugmyndir um launabreytingar, þeim hafnað af okkur. Við settum fram okkar tillögur, enn er talsvert langt á milli aðila varðandi launabreytingar. Við settum ekki fram neitt varðandi lengd kjarasamnings í kröfugerðinni og SNR talaði lengi vel um 12 mánaða samningstíma. Málin hafa tekið aðra stefnu, nú er verið að tala um lengri samningstíma upp á 2 til 2,5 ár. Þar spilar inn í að semja um breytingar vegna framhaldsskólalaga. SNR leggur áherslu á að launabreytingar verði tengdar lögnum. Hægt að fallast á sum atriðin þar en alls ekki öll. Launabreytingar t.d. haustið 2015 þyrftu að vera endurgjald fyrir breytingar á vinnufyrirkomulagi. Erfitt er að ræða launakröfuna í tómarúmi, verður að vera tengd við aðra hluti. Í kröfugerð okkar er ekki gerð bein krafa um að allar hækkanir komi allar á einu bretti, höfum verið til viðræðu um að þær komi á lengri tíma. En alveg ljóst að myndarlegar hækkanir þurfa að koma strax.

Erfiðar kringumstæður varðandi samningaviðræðurnar, niðurskurður til framhaldsskóla í mörg ár gera það að verkum. Höfum rætt að fjármagn komi inn í skólana á þessu ári til að reisa skólastarfið við, tengist t.d. stofnanasamningum, möguleika skólanna að framkvæma stofnanasamningana. Í okkar kröfugerð er lögð áhersla á að fundið verði lágmarksviðmið launaröðunar kennarastarfsins t.d. varðandi menntun, mikið bil er á launasetningu milli skóla varðandi þetta atriði. Hefur ekki gefist tími til að ræða þetta. Verðum að vera raunsæ í sambandi við það, að ríkið mun aldrei kasta frá sér núverandi launakerfi ríkisins fyrir 2000 manna hóp, kjarabaráttan núna snýst ekki um það að henda út stofnanasamningunum. Samningarnir núna snúast um þau grundvallaratriði að leiðrétt launin og að tengja launaþróun okkar til frambúðar við aðra sambærilega hópa, sú tenging væri trygging fyrir því að við drögumst ekki aftur úr samburðarhópum. Styttlingartal menntamálaráðherra hefur ekki hjálpað til heldur gert allar viðræður erfiðari. Undrun viðræðunefndarinnar var mikil þegar SNR kom fram með þetta í samningaviðræðunum. Eins og ráðherra sé staddur á tunglinu þótt hann hafi tvo fulltrúa í SNR. Ræðir styttlingarmálin áfram og fer yfir forsöguna, Katrín Jakobsdóttir þáverandi menntamálaráðherra setti lágmarkið fyrir stúdentspróf 200

einingar árið 2009. Sama ár fengu tveir skólar heimild til að fara inn í lokað hólf og starfa samkvæmt lögunum, lengja skólaárið og fella niður skil milli kennslu- og prófatíma. Í Kvennó taka nemendur sitt stúdentspróf á þremur til þremur og hálfu ári. Þar litið svo á að nemendur hafi lokið námi í grunnáföngum í kjarnagreinum við lok grunnskóla. Það þarf að reisa varnir í kjarasamningi sem vakna til lífsins ef fleiri skólar ætla að fara þessa leið og endurmeta þarf þá starfskjör kennara út af svona breytingu og endurgjald að koma fyrir hana. Eftir stendur að menntamálaráðherra verður að gera hreint fyrir sínum dyrum, pólitískt séð, hvað hann á við með styttingu. Þarf að halda áfram að setja á hann pressu í þessum efnum. Staðan samandregin, efnislegar samræður eru í gangi, málin þokast hægt áfram, oft kemur bakslag í þau. Viðræðunefndin óánægð með hve tíminn er stundum illa nýttur, þurft að kvarta við ríkissáttasemjara yfir því hvað SNR sýnir stundum litla drift í vinnunni. Hlutir geta breyst hratt milli samningafunda og hefur ekki trú á að okkur lánist að gera kjarasamning í næstu viku, erfitt að segja til um hvort samið verði fljótlega eða hvort við stefnum inn í langt verkfall.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður.

Guðjón Ragnar Jónasson MR: Er ekki mikilvægt að fundurinn samþykki ályktun þar sem áréttað er að við stöndum þétt við samninganefnd okkar. Hvetur fundarmenn til að sýna samstöðu alla daga.

Mælt er fyrir tillögum og málum. Fyrsta umræða og tillögum og málum vísað í nefndir

1. Tillaga um fjárhagsáætlun og um íbúð félagsins. Allsherjarnefnd (fjárhagsmál o.fl.).

Formaður FF mælir fyrir málunum sem eru aðgengileg á vefnum:

- Tillaga um fjárhagsáætlun FF 2014-2016.
- Tillaga um íbúð félagsins.

Ræðir hvernig fjárhagsáætlun KÍ og aðildarféлага verður til, formenn KÍ og aðildarféлага vinna að fjárhagsáætlunargerð og ekki hætt fyrr en niðurstaða er komin og allir sáttir og fjárhagsáætlun KÍ og hluti af henni eru tillögur um fjárframlög til aðildarféлага, er lögð fyrir þing KÍ. Stjórn FF raðar því fjárframlagi sem gert er ráð fyrir að félagið fái til starfsemi niður á einstaka pósta. Í heildina er gert ráð fyrir að rekstrartekjur félagsins verði aðeins meiri en verið hefur. Halli er áætlaður á árinu 2014 vegna þess á því ári er haldinn aðalfundur og kjarasamningsgerð stendur yfir. Íbúð félagsins að Karlagötu 15: Stjórn leggur það fyrir fundinn og allsherjarnefndarnefnd að meta það hvort félagið eigi að eiga íbúðina og hafa af henni tekjur eða selja hana og að veita stjórn félagsins leiðbeiningar um frekari ákvarðanir. Tilurð þess að félagið festi kaup á íbúðinni er rakin í greinargerð með tillögunni, og fer stuttlega yfir ástæður þessa.

2. Tillögur um lagabreytingar. Laganefnd.

Formaður FF mælir fyrir málunum sem eru aðgengileg á vefnum:

- Tillaga um breytingu á lögum FF.
- Fylgiskjal 1: Lög KÍ með breytingartillögum millipinganefndar KÍ, 26. febrúar 2014.
- Fylgiskjal 2: Greinargerð með tillögum millipinganefndar KÍ um breytingar á lögum KÍ, 26. febrúar 2014.

- Fylgiskjal 3: Álit lögmanns KÍ á áhrifum breytinga á lögum KÍ á lög FF og FS, 25. febrúar 2014.
- Fylgiskjal 4: Reglur Vísindasjóðs FF og FS, 14. mars 2011.
- Fylgiskjal 5: Yfirlit stjórnar FF yfir tillögur um breytingar á lögum KÍ og samspil við lög FF, 25. febrúar 2014.

Fundarmenn hafa tillögurnar útprentaðar. Gerir grein fyrir því að gera þurfi greinarmun á þeirri tillögu um breytingar á lögum FF sem liggur fyrir þessum fundi og þeim tillögum um breytingar á lögum KÍ sem lagðar verða fyrir þing KÍ og samspil þeirra við lög FF. Sú tillaga sem liggur fyrir aðalfundinum um breytingar á lögum FF snerta ekki tillögur um breytingar á lögum KÍ og fer yfir þessa tillögu. Mikilvægt að fundarmenn séu meðvitaðir um að aðalfundur FF er haldinn áður en þing KÍ er haldið og þess vegna þarf að halda framhaldsaðalfund FF að þingi KÍ loknu. Sá framhaldsaðalfundur fer í að laga lög FF að þeim breytingum sem þing KÍ samþykkir að gera á lögum KÍ því lög aðildarfélaga KÍ þurfa að vera í samræmi við lög KÍ. Fer yfir helstu tillögur um breytingar á lögum KÍ, að kjörtímabilið verði lengt um eitt ár, stjórn KÍ verði formannastjórn, þingfulltrúum fækkað, kjararáð lagt niður og verkefni þess sett undir stjórn KÍ, stjórnir aðildarfélaga tilnefni fulltrúa í stjórnir og nefndir KÍ í stað þess að þeir séu kosnir á þingum KÍ og að stjórnir aðildarfélaga beri ábyrgð á rekstri endurmenntunarsjóða félaganna. Tillögur um breytingar á lögum KÍ eru ekki til atkvæðagreiðslu á þessum aðalfundi, heldur til umræðu og álits. Segir að stjórnir FF og FS standi að þessum tillögum um breytingar á lögum KÍ með hinum í millipínganefndinni. Þar að auki leggja stjórnir FF og FS til fleiri breytingar á lögum KÍ sem sjá má á síðu 12 í lagapakkanum, fylgiskjali 1 og eru þær hluti af tillögum um breytingar á lögum KÍ til þings KÍ. Bendir á álit lögfræðings KÍ um hvaða breytingar þurfi að gera á lögum FF og FS ef að þing KÍ samþykkir þá tillögu sem gerð er á lögum KÍ um að stjórnir aðildarfélaga beri ábyrgð á rekstri endurmenntunarsjóða félaga, mikilvægt að aðalfundurinn glöggvi sig á þessu, og bendir á að í gögnunum er yfirlit yfir samspil breytinga á lögum KÍ við lög FF.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður.

Guðríður Arnardóttir FG: Langar að koma vangaveltum um breytingar á lögum KÍ á framfæri. Hefur verið gagnrýnin á veru okkar innan KÍ og viljað skoða möguleika á öðru fyrirkomulagi. Við erum öll félagar í KÍ þótt við tengjum okkur sterkast við FF. Tillögur um breytingum á lögum KÍ eru til þess fallnar að þjappa KÍ saman. Í skýrslu stöðunefndar þykist hún vita að komi fram að við styrkjum stöðu okkar innan KÍ. Ræðir um 9. gr. í tillögum um breytingar á lögum KÍ um ábyrgð stjórnar aðildarfélaga á sjóðum og fleiru. Með því að færa ábyrgð frá stjórn vísindasjóðs yfir á stjórn félagsins er verið að bæta á hana ábyrgð og störfum. Vill að hverju aðildarfélagi sé í sjálfsvald sett hvernig fyrirkomulag það hefur á ábyrgð sjóða. Það er ekkert sem mælir endilega með því að öll aðildarfélögin fari eins að með þessi mál. Myndi leggja til þessa breytingu á gr. 9. Hvað varðar tillögur um formannastjórn í 19. gr. í tillögum um breytingar á lögum KÍ telur Guðríður mikilvægt að við séum með þessa viðbótarfulltrúa inni í stjórn KÍ, með því móti haldast betri tengsl við grasrótina sem er í beinum tengslum við skólustarfið. Leggur til að engin breyting verði á þessari grein. 26. gr. býður upp á að stjórn hafi fullmikil völd ef hún fær þau völd að velja fulltrúa í nefndir KÍ. Telur mikilvægt að fundurinn sendi frá sér ályktun sem fulltrúar FF fara með á þing KÍ. Leggur til við laganefnd að setja inn í lög FF fundarsköp aðalfundar og að endurskoða þurfi tímasetningu hans.

Guðjón Ragnar Jónasson MR: Finnst margt til í því sem Guðríður segir, segir að Hanna Björg ræði ýmislegt varðandi þetta á eftir í sambandi við niðurstöðu stöðunefndar FF. Nefndin var á því að einfalda skipulagið. Alltaf að huga að grasrótinni. Telur að FF sé í hjónabandi með KÍ og að vísu hriktir oft í þessu sambandi en er á því að við eigum að vera innan KÍ. Stöðunefndinni þótti þetta einfalda málin að hafa formannastjórn, allt tiltekið í skýrslunni. Sáú engar ógnir varðandi þetta.

Baldvin Björgvinsson FB: Þegar stendur til að fækka fulltrúum er á sama tíma dregið úr lýðræði. Lýðræði er tímafrekt og erfitt.

Fundarstjóri sýnir tillögu Guðjóns Ragnars Jónassonar um yfirlýsingu aðalfundarins um stuðning við samninganefnd félagsins:

Yfirlýsing frá aðalfundi Félags framhaldsskólakennara

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara lýsir fullum stuðningi við samninganefnd félagsins í yfirstandandi kjaraviðræðum við ríkið. Mikilvægt er að nú náist fram eðlilegar og réttlátar leiðréttingar á kjörum framhaldsskólakennara, til að þau verði sambærileg við kjör samanburðarstétta.

Fundurinn skorar á fjármálaráðherra og menntamálaráðherra að tryggja fjármagn til að leiðrétta megi kjör kennara og endurreisa innra starf framhaldsskólans eftir gegndarlausan niðurskurð síðustu ára.

3. Skýrsla nefndar um stöðu FF innan KÍ og tillaga um stefnu í innra starfi og félagsmálum. Nefnd um innra starf og félagsmál.

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir formaður stöðunefndar FF mælir fyrir málum sem eru á vef félagsins:

- Tillaga um stefnu í innra starfi og félagsmálum.
- Fylgiskjal 1: Lokaskýrsla stöðunefndar FF 16. mars 2014.
- Fylgiskjal 2: Niðurstöður viðhorfskönnunar stöðunefndar FF 2. nóvember 2013.
- Fylgiskjal 3: Áfangaskýrsla stöðunefndar FF 12. apríl 2013.
- Tillaga til 6. þings KÍ um fræðslu KÍ fyrir trúnaðarmenn.
- Tillaga til 6. þings KÍ um viðhorfskönnun á þjónustu og starfsemi.

Gerir grein fyrir tillögum sem fara inn í nefndina. Stefna í innra starfi og félagsmálum, lýðræðislegir starfshættir í forgrunni. Ræðir erindrekstur við félagsdeildir, heimsókn einu sinni á ári eða eins oft og þurfa þykir til að styrkja félagsdeildirnar. Starfsumhverfi framhaldsskóla, kynjasambætting verði höfð að leiðarljósi. Vinna að því að í hverjum skóla séu til skýrir verkferlar. Gerir grein fyrir tillögum til aðalfundarins að hann beini tillögum til þings KÍ um fræðslu KÍ fyrir trúnaðarmenn og um könnun KÍ og aðildarfélaga á viðhorfum félagsfólks til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna. Ræðir um skýrslu stöðunefndar, hvetur alla til að lesa hana, burtséð frá skoðunum á veru FF innan KÍ eða ekki. Upplýsingar um ýmis mál sem okkur er öllum hollt að vita. Áfangaskýrsla nefndarinnar og viðhorfskönnunin eru líka áhugaverðar. Reifar nokkur atriði varðandi niðurstöður nefndarinnar. Nefndin telur hagkvæmast fyrir FF að vera innan KÍ og að félagið haldi sjálfstæði sínu. Vísindasjóð FF/FS er óhugsandi að sameina öðrum sjóðum. Nefndin telur sjálfstæði FF vera tryggt þó samningsrétturinn sé hjá KÍ, það leikur enginn vafi á að við förum með okkar samningsmál. Einföldun á efsta lagi KÍ er ekki hugsuð til að minnka lýðræðið,

nefndin sé KÍ sem regnhlíf þó það sé skilgreint sem stéttarfélag. Nefndin telur mikilvægt að skipulagið sé einfalt, það viðrað innan nefndarinnar að það væri óþarfi að hafa formann eða varaformann KÍ. Auðvitað eigum við alltaf að ræða veru okkar innan KÍ og skoða. Nefndin telur líka að það hafi ekki áhrif á kjaramál framhaldsskólakennara í hvaða heildarsamtökum þeir eru. Þegar við fórum úr BHM var launamunurinn ríflega 30% en nú er hann 17%. Nefndin hvetur til þess að áfram verði könnuð viðhorf félagsfólks. Í viðhorfakönnun nefndarinnar kemur fram viss óánægja með stöðu FF innan KÍ, ekki allir sáttir. Það er vitað og þær raddir eiga að heyrast. Mikil vanþekking kom í ljós á starfsemi KÍ og aðildarféлага. Nefndin hvetur til fræðslu um FF og KÍ. Samstarfið í nefndinni var gott, fundað um 30 sinnum, hlutir ræddir opinskátt, nefndin stendur saman að þeim tillögum og niðurstöðum sem hún leggur fram.

Guðjón Ragnar Jónasson MR, fulltrúi í stöðunefnd: Nefndin fjallaði um sjóðina og hvað myndi gerast ef við færum úr KÍ, það er flókið mál. Horfðu líka til annarra stétta, hvetja til umræðu um þetta. Viðhorfaskönnunin leiddi í ljós vissa óánægju, að vísu bara um 50% þátttaka. Tilbúin að vinna og ræða við nýja stjórn um þessar niðurstöður. Þarf að efla stéttarvitund okkar fólks, þ.e. meðal yngra fólksins.

Einar Trausti Óskarsson FS, fulltrúi í stöðunefnd: Skoða okkar stöðu innan KÍ, hvernig við skilgreinum okkur. Margir með háskólamenntun skilgreina sig frekar með BHM. Við erum deild innan stéttarfélags sem er KÍ. Flókið er að ganga úr KÍ, hver og einn þyrfti að fara út og stofna síðan nýtt félag. Tækjum ekkert með okkur úr sjóðum KÍ, þyrftum að hækka félagsgjöldin mjög mikið. Framhaldsskólakennarar voru ekkert endilega hamingjusamir innan BHM.

Fundarstjóri opnar fyrir fyrirspurnir.

Gylfi Þorkelsson FSU: Telur nefndin að þær breytingatillögur sem liggja fyrir á lögum KÍ séu FF til framdráttar?

Guðjón Ragnar Jónasson: Get ekki tekið afstöðu til þess sem kom fram hjá millipinganefnd KÍ í störfum stöðunefndarinnar.

Hanna Björg Vilhjálmstöttir: Hefur ekki ígrundaða skoðun á þessu máli.

Einar Trausti Óskarsson: Er sammála því sem kom fram hjá Guðjóni. Nefndin vildi auka vægi félaganna í praxís.

Hanna Björg: Algjört lykilatriði að tryggja sjálfstæði FF innan KÍ en á sama tíma mikilvægt að vera innan kennarasambandsins.

Guðjón Ragnar: Leggur til við nýja stjórn FF að skoða hvernig málin eru á Norðurlöndum, leggur áherslu á að nefndin leggist gegn samruna sjóða félaga KÍ.

Erla Elín Hansdóttir Kvennó: Hefur möguleikinn á því að breyta samsetningu KÍ þannig að hvert aðildarfélag verði stéttarfélag verið skoðaður?

Guðjón Ragnar Jónasson: Já það hefur verið kannað og ekki möguleiki á því með auðveldum hætti.

Ægir Sigurðsson FS: Ef allir nema 10 færu úr KÍ myndi þá samningsréttur haldast á sama stað? Það er talið ólíklegt.

Sigurður Ingi Andrússon TS: Á sínum tíma var framhaldsskólinn í tveimur félögum. Annar hópurinn innan BHM hinn í gamla KÍ. Það er stórt mál að fara úr félagi, og hvernig það fer er algjörlega ómögulegt að segja til um.

Einar Trausti: Viljum við eyða orku næstu ára í að skoða þessa hluti og fara í þau átök og láta þá t.d. kjaramálin bíða?

Guðríður Arnardóttir FG: Ef stærsti hlutinn fer úr KÍ þyrfti ríkið að sjálfsgöðu að semja við þann hóp.

Hanna Björg: Lokar umræðunni með þeirri spurningu um það hversu lengi á að velta fyrir sér þessari spurningu um hvort við eigum að vera eða fara. Þegar fátt bendir til þess að það þjóni hagsmunum okkar að fara úr KÍ.

Gylfi Þorkelsson FSU: Umhugsunarefni að við skulum vera búin að koma okkur í þannig félagsskap að við komumst ekki út úr honum.

4. Tillaga um skólastefnu. Nefnd um skólamál.

Anna María Gunnarsdóttir, formaður skólanefndar FF gerir grein fyrir tillögunum sem eru á vef FF:

- Tillaga um skólastefnu KÍ/FF. Athugasemdir við hana fylgja FF fulltrúum inn á KÍ þingið.
- Tillaga að sérstefnu FF í skólamálum.
- Ályktun um nám í framhaldsskólum.

Biður þá sem eru í nefndinni að koma með athugasemdir.

5. Tillaga um kjarastefnu og kjarasamninga. Nefnd um kjaramál.

Ægir Sigurðsson mælir fyrir tillögunum sem eru á vef FF:

- Tillaga um stefnu í kjaramálum og kjarasamningum.
- Tillaga um samfellu í kjarasamningsgerð.
- Tillaga að kjaramálaályktun.

Segir að í tillögunni um stefnu í kjaramálum og kjarasamningum séu eftirfarandi þættir: Tillaga um laun og launaþróun. Menntun og starfsþróun. Starfskjör og starfsskilyrði. Samningagerð á vinnustöðum. Einkaskólar á framhaldsskólastigi. Ræðir um tillagu um samþykkt um að viðræðunefnd fráfarandi stjórnar og samninganefndar FF leiði áfram og ljúki yfirstandandi kjarasamningsgerð. Hann les upp tillögu að kjaramálaályktun.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður.

Halldóra S. Sigurðardóttir MH: Spyr um kjaramál í sambandi við námsorlofin. Vill vekja athygli á að í skýrslunni stendur að þeir sem fá orlof á vegum skólameistara eigi jafnan rétt og aðrir á að fá námsorlof seinna á æfinni. Þetta hefur verið brotið.

6. Aðrar tillögur sem er vísað til umfjöllunar í einstökum nefndum

Engar tillögur komu fram.

Fundarstjóri fer yfir staðsetningu nefndarstarfs og þá sem stjórna starfi hverrar nefndar.

Fundi frestað kl. 18:30 til morguns. Nefndir starfa um kvöldið.

Föstudagur 21. mars

Kl. 9:00 - Aðalfundi framhaldið. Yfirferð yfir skipulag aðalfundarstarfa

Kl. 9.30 – 12:00 – **Nefndarstarf**

Kaffihlé kl. 10:30

1. Allsherjarnefnd (fjárhagsmál)
2. Nefnd um lagabreytingar
3. Nefnd um innra starf og félagsmál
4. Nefnd um kjaramál, stefnu í kjaramálum og kjarasamningum
5. Nefnd um skólamál og skólamálastefnu

Kl. 12:00 - Hádegisverður

Kl. 13:00 - Nefndir skila af sér, umræður og afgreiðsla mála

Fjárhagsáætlun

Lagabreytingar

Kosningar til trúnaðarstarfa

Kaffihlé, kl. 15:00

Kl. 15:30 – Stjórnarkjori lýst

Kjori til trúnaðarstarfa lýst

Kl. 17:00 – Áætluð frestun aðalfundar

Guðbjörn Björgólfsson fundarstjóri setur fund, tekur manntal, les upp fólk í nefndum sem halda áfram störfum þar sem frá var horfið í gær. Þeim sem ekki höfðu skráð sig í nefndir bent á að gera það. Hópstjórar hafi samband við Ragnhildi skjalastjóra vegna frágangs gagna. Fólki bent á að skrá sig í léttar veitingar sem í boði verða að loknum fundi. Uppstillingarnefnd mun gera grein fyrir framboðum til trúnaðarstarfa eftir hádegi. Áætlað er að fresta aðalfundi um kl. 17:00.

Kl. 9:30 Gengið er til nefndarstarfa.

Nefndir skila af sér, umræður og afgreiðsla

1. **Allsherjarnefnd (fjárhagsmál)- Jóhann G. Thorarensen kynnur niðurstöður allsherjarnefndar.**

Gerir grein fyrir störfum nefndarinnar frá því í gærkvöldi og til hádegis í dag. Mikið rætt og skipst á skoðunum. Fyrst var fjárhagsáætlun tekin fyrir og rædd fram og aftur. Voru í sjálfu sér sáttt við áætlunina eins og hún stendur. Leggja til ákveðna útfærslu á ákveðnum þáttum hennar. Lagt er til að beina því til stjórnar FF að auka greiðslur til trúnaðarmanna. Beint til stjórnar að nýta hluta af því fjármagni sem ætlað er í kynningarstörf til að kynna félagið og starfið út fyrir félagið. Lagt er til að erindrektur verði með þeim hætti að félagsdeildir óski eftir erindrekstri frekar en að hann komi í félagsdeildirnar óumbeðinn. Í umræðum kemur fram að kostur sé að erindrekar hafi ákveðið frumkvæði, tekið er dæmi af nýjum og ungum skóla sem hefur varla forsendur til að vita hvenær og hvort þörf er á honum. Tekið er undir þetta af fleiri fundarmönnum. Fram kemur það sjónarmið að greiðslur til trúnaðarmanna séu í ágætum farvegi en annar fundarmaður telur að greiðslurnar séu síst of miklar.

Tillaga um íbúð félagsins að Karlagötu 15. Miklar umræður og skiptar skoðanir um það mál sem ekki náðist samstaða um. Hvort félagið eigi að eiga íbúðina og leigja hana eða hvort eigi að selja hana. Fulltrúar beggja sjónarmiða eru þó sammála því að jafna stöðu félaga til að bjóða sig fram til æðstu embætta fyrir félagið. Lagt er til að aðalfundurinn taki ákvörðun um málið. Lagt er til að vísa til stjórnar félagsins hvað verði gert í málinu og unnið úr því fyrir framhaldsaðalfund. Sú tillaga er samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2014-2016 er borin undir atkvæði. Hún er samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn einu.

Fundarstjóri tjáir sig um erindrektur. Eðlilegt að stundum þurfi deildir ekki á erindreka að halda í heimsókn og stundum er þörf á tíðari heimsóknum.

2. Nefnd um lagabreytingar - Halldóra S. Sigurðardóttir gerir grein fyrir niðurstöðum nefnarinnar.

Tillaga um breytingar á lögum FF: Nefndin er sammála öllum breytingatillögum sem lagðar eru til.

Nefndin leggur til að stjórnin leggi til breytingar varðandi fundarsköp á aðalfundi FF. Lagt er einnig til að stjórnin leggi til ákvæði hvenær skuli halda aðalfundi FF, nefndinni þykir að það ætti að halda aðalfund FF á eftir þingi KÍ.

Tillögur um breytingar á lögum KÍ: Nefndin leggur til ýmsar breytingar, og er mótfallin þeim breytingatillögum að skerða lýðræðið í félögum.

- 8. gr. - sjá tillögur, aðildarfélög kjósi og skipi í nefndir KÍ, félögin ráði sjálf hvernig þetta er gert.
- 9. gr. - sjá tillögur, stjórnir aðildarfélaga gætu haft eftirlitshlutverk. Því er beint til stjórnar FF að skoða þetta.
- 12. gr. - sjá tillögur um hversu oft aðalfundir aðildarfélaga eru. Hangir saman við að fela stjórnnum meiri völd, sparnaðarrökin finnst nefndinni úr lausu lofti gripin, ef þarf að spara þá þurfi að skoða þetta í heildarsamhengi, kannski betri sparnaðarleið til. Aðhaldssemi er góð. Sparnaðurinn þurfi að koma aðildarfélögum til góða.
- 16. gr. - sjá tillögur um fækkun fulltrúa á KÍ þingi. Nefndinni finnst að hinn almenni félagsmaður hafi rödd á þinginu. Þarf að tryggja þann fjölda sem kemur frá

grasrótinni. Að breyta fjölda þingfulltrúa og fjölga árum á milli þinga er slæmur kostur. Ef tímabilið verður lengt þá að halda fjöldanum óbreyttum.

- 19. gr. - sjá tillögur. Um stjórn KÍ og stjórnarkjör. Styðja ekki breytingatillögunar. Leggja til að formaður og varaformaður KÍ verði kosnir í almennri kosningu heldur en valdir úr hópi formanna aðilarfélaganna þ.e. þeir skipti þessu á milli sín og róteri.

Sparnaðarrökin styðja við að breyta því hvernig staðið er að því að velja formann og varaformann KÍ. Í umræðum kom fram athugasemd við 18. gr., 21. gr., 26. gr. og 4. gr. Nefndin setur fram breytingatillögur varðandi þær. Vill ekki að aðildarfélögin kjósi um hverjir verði í nefndum KÍ heldur verði áfram kosið um það.

Tillögur um breytingar á lögum FF eru samþykktar með meginþorra atkvæða.

Spurt er hvort þessum tillögum um breytingar á lögum KÍ verði vísað til þings KÍ.

Fundarmönnum er boðið að gera athugasemdir.

Kjartan Þór Ragnarsson Kvennó: Talar um atriði varðandi sjúkrasjóðinn, stendur ekki að sjúkrasjóðurinn sé eign KÍ heldur að ætlunin sé að hann verði eign KÍ. Hann er eign félagsmanna, finnst að þetta þurfi að athuga. Gerir tillögu um að svo verði gert. Breytingartillaga við 8. gr. reglna sjúkrasjóðsins.

Dagrún Steinunn Ólafsdóttir Flensborg: Spyr hvort tillögunar um kosningar formanna séu innifaldar í öllum pakkanum.

Kjartan Þór: Telur svo vera. Tillagan er í heildarpakkanum.

Erla Elín Hansdóttir Kvennó: Nokkrar greinar sem ekki er getið um sem nefndin gerði breytingatillögur við. Finnst þurfa þess.

Skjalinu er varpað upp og sýndar allar breytingatillögur, líka þær sem eru um texta og viðbætur við texta.

Halldóra S. Sigurðardóttir og Kjartan Þór Ragnarsson fara nákvæmlega yfir breytingatillögur nefndarinnar.

Reglur um sjóði KÍ, komu með athugasemdir við alla sjóðina.

Lóa S. Kristjánsdóttir MS: Finnst frábært að fundurinn sé rafrænn, hefði verið gott að hafa skjölin fyrir framan sig.

Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður FF: Spyr hvor laganefndin hafi einhverja skoðun á tillögum FF og FS um breytingar á lögum KÍ fram yfir þær sem millipinganeftin gerir. Þær tillögur ganga út á að auka lýðræði og jafnrétti. Biður nefndina um skoðun á þessu og spyr hvort stuðningur sé við þessar tillögur.

Kjartan Þór: Eðlismunur er á tillögunum. Nefndin vill ganga lengra. Telur tillögur FF og FS góðar að mörgu leiti.

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir: Tekur tillaga nefndarinnar út tillögu FF og FS?

Kjartan Þór: Segir svo ekki vera, getur ekki sagt frá skoðun nefndarmanna þar sem þessar tillögur voru ekki ræddar.

Hanna Björg: Spyr hvernig hægt er að tækla þetta.

Kjartan Þór: Segir að hægt sé að leggja fram tvær tillögur.

Hanna Björg: Hefur áhyggjur ef tvær tillögur komi fram þá detti þær dauðar niður.

Almennar umræður fara fram um þetta.

Aðalheiður: Aðalfundurinn getur ekki breytt tillögum FF og FS.

Reynir Þór Eggertsson MK: Hlýtur aðalfundur ekki að hafa vald til að koma með breytingartillögu við breytingartillögu. Það er þannig í öllum félögum öðrum.

Anna María Gunnarsdóttir: Lagt til að tillögur FF og FS við tillögur um breytingar á lögum KÍ verði samþykktar og aðalfundurinn leggi fram á þingi KÍ aðrar breytingatillögur.

Umræður eru nokkuð óskipulagðar og erfitt að halda nákvæmlega utan um þær.

Anna María: Getum stutt tillögur FF og FS.

Kjartan Þór: Vill að lagabreytingin verði lögð fram á þingi KÍ.

Kristján: Spurt hvort hægt sé að leggja þetta fram í tveimur tillögum. Greidd atkvæði sérstaklega um formannaróteringuna.

Almennar umræður, Kjartan Þór svarar fyrir hönd laganeftardarinnar.

Baldvin Björgvinsson FB: Finnst í lagi að bera tillögurnar fram í tvennu lagi. Telur að fundarmenn styðji báðar tillögurnar.

Erla Elín: Ber að bera upp þá tillögu sem gangi lengst. Leggur til að við byrjum á að bera upp breytingatillögurnar í heilu lagi.

Tillögurnar í heild bornar upp. Samþykktar með megin þorra atkvæða og fundurinn styður minnihlutatillögur stjórnar FF við lagabreytingar sem lagðar verða fram á þingi KÍ.

3. Nefnd um innra starf og félagsmál - Einar Trausti Óskarsson gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Þrjár tillögur lágu fyrir fundinum og nefndin kemur með breytingartillögu við hverja og eina.

Tillaga um stefnu í innra starfi og félagsmálum: Breyting á skilgreiningu á þeim tveimur stöðugildum sem félagið hefur með höndum. Lagt til að það sé stjórnar að ákveða hvernig stöðugildin skiptist.

Umræða um stöðunefndina og margt var rætt. Almennt var nefndin sammála niðurstöðum þeim sem koma fram í skýrslu stöðunefndar. Lagt er til að styrkja stöðu og sjálfsákvörðunarrétt FF innan KÍ. Lagt er til að umfjöllun um kennarastarfið og skólamál verði eflað í samfélaginu. Lagt er til að hvatt verði til aukinnar faglegrar umræðu innan félagsdeilda. Kjaraumræður hafa verið fyrirferðamestar hingað til.

Fram kemur breytingartillaga um að stöðugildi FF verði að hámarki tvö. Sú tillaga er felld.

Tillaga nefndar um innra starf er borin upp og er samþykkt samhljóða.

Tillaga um könnun á viðhorfum félagsfólks KÍ til starfsemi og þjónustu KÍ. Breytingartillaga um að óháður aðili verði fenginn til að gera þessa könnun. Sú breytingartillaga er samþykkt samróma.

Tillaga um fræðslu KÍ fyrir trúnaðarmenn. Engar breytingartillögur eru gerðar við þessa tillögu og hún er samþykkt samhljóða.

4. Nefnd um skólamál og skólamálastefnu - Hólmfríður Sigþórsdóttir gerir grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar.

Fyrir liggja þrjú skjöl. Nefndin vann fyrst í orðalagi og biður um leyfi til að leggja þær breytingar inn í skólanefndina. Það er samþykkt.

a) Tillaga um skólafund KÍ/FF

Gera breytingartillögur um menntun kennara, vilja að undirbúningur fyrir kennararannsóknir séu þar inni. Smávægis breytingar eru á texta.

b) Tillaga að sérstefnu FF í skólamálaum.

Tillaga nefndarinnar er að setja hana í frekari vinnslu og leggja fram á framhaldsaðalfundi FF. Tillagan er samþykkt með miklum meirihluta.

Umræður fara fram um kennara sem sérfræðinga en ekki fagfólk.

Hanna Björg: Vantar listnám inn í upptalningu.

Jóhann: Spyr hvort við eigum að hafa upptalningu hvers konar námi þar sem fjölbreytileikinn gildir.

Guðbjörn: Væri hægt að setja inn s.s. og rökstyður.

Anna María: Segir frá að áður hafi staðið bók, list- og verknám. Í skólamálanefndinni var mikil umræða um þetta og niðurstaðan hafi verið að nota fjölbreytt nám við hæfi.

Reynir Þór: Hægt að hafa bóknámið aftast í umræðunni.

Hólmfríður: Segir að ekki hafi ríkt einhugur í nefndinni um breytingar.

Anna María: Margt sem við viljum koma á framfæri. Hvernig getum við sem kennarar tryggt að nemendur hafi aðgang að ókeypis námsefni?

Reynir Þór: Framhaldsskólanám á ekki að vera íþyngjandi fyrir nemendur.

c) Tillaga að ályktun um nám í framhaldsskólum.

Fundurinn fer yfir ályktunina. Almennar umræður og athugasemdir. Gerðar eru smávægis breytingar.

Ályktunin er borin upp með breytingatillögum fundarins. Samþykkt einróma.

5. Nefnd um kjaramál, stefnu í kjaramálum og kjarasamningum - Ægir Sigurðsson gerir grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar og eru tillögurnar á vef FF.

Hópurinn hittist í gærkvöldi og ákvað hvað ætti að fást við og nefndarmenn lásu heima. Fjórar tillögur lágur fyrir nefndinni.

Tillaga um stefnu í kjaramálum og kjarasamningum: Mikið rætt um hverja grein og í ljós kom að orðalag hefur mismunandi merkingu í huga fólks. Eitt og annað lagt til einkum til að auka skilning. Lagt er til að skólum verði gert skylt að meta menntun og reynslu til starfa. Lagt til að réttur nemenda til fullrar kennslu væri tryggður. Lagt er til að kennari beri ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem nemandi verður fyrir í kennslu. Nefndin leggur til að sömu kröfur séu gerðar til kennara sem kenna við einkaskóla sem ríkið styrkir. Umræður um fjárhagslega ábyrgð kennara á tjóni sem nemendur verða fyrir. Umræður um tillögur um þriðja lið um laun og launaþróun. Lagt er til að breyting verði dregin til baka og að framgangur á grundvelli starfsins sjálfs verði látin standa. Og þá er lagt til að hvort tveggja verði látið standa í tveimur liðum. Sú tillaga er samþykkt samhljóma. Vangavelta um það hvort æskilegt sé að dreif- og fjarnám verði viðfangsefni á hverjum stað en ekki samið um það miðlægt.

Tillaga um að viðræðunefnd fráfarandi samninganefndar FF leiði áfram og ljúki yfirstandi kjarasamningsgerð. Einu breytingarnar sem gerðar eru lúta að því að ekki þarf að tilgreina bæði stjórn og samninganefnd, þar sem stjórn er í samninganefnd. Tillagan er samþykkt samróma.

Kjaramálaályktun. Einkum eru breytingatillögur á málfari og stíl. Athugasemdir við orðalag og prófarkalestur. Tillagan er samþykkt samhljóða.

Yfirlýsing frá aðalfundi Félags framhaldsskólakennara um stuðning við samninganefnd félagsins sem hafði verið borin upp í gær. Hún er samþykkt samhljóða.

6. Aðrar tillögur sem er vísað til umfjöllunar í einstökum nefndum.

Engar aðrar tillögur teknar fyrir fram yfir þær sem var beint til nefnda í gær og þær fjölluðu um og gerðu grein fyrir í dag.

Kosningar til trúnaðarstarfa – Guðjón Ragnar Jónasson formaður uppstillingarnefndar gerir grein fyrir frambjóðendum til trúnaðarstarfa.

Framboð til samninganefndar (5 fulltrúar)

Anna Fanney Ólafsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi
Brynjólfur Eyjólfsson, Menntaskólanum á Akureyri
Guðbjörn Björgólfsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Guðmundur Björgvin Gylfason, Fjölbrautaskóla Suðurlands
Ingvi Arnarson, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, Menntaskólanum í Reykjavík,
Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Menntaskólanum við Sund
Sólveig Ebba Ólafsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi

Framboð til kjörstjórnar (3 aðalmenn og 2 varamenn)

Halldís Ármannsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Hjálmar Jóhannesson, Verkmenntaskóla Austurlands,
Kristján Kristjánsson, Tækniskólanum
Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Sund
Sigurður Ingi Andrésson, Tækniskólanum

Framboð til uppstillingarnefndar (3 aðalmenn og 2 varamenn)

Guðjón Ragnar Jónsson, Menntaskólanum í Reykjavík
Halldóra S. Sigurðardóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð
Anna Sigríður Davíðsdóttir, Menntaskólanum á Akureyri
Baldvin Björgvinsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Hjálmar Þór Baldursson, Borgarholtsskóla

Framboð til stjórnar Vísindasjóðs FF og FS (2 aðalmenn og 1 varamaður)

Baldur Garðarsson, Menntaskólanum að Laugarvatni
Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
Gísli Þór Sigurþórsson, Menntaskólanum við Sund
Hjálmar Þ. Baldursson, Borgarholtsskóla
Linda Rós Michaelsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík
Trausti Þorgeirsson, Menntaskólanum í Reykjavík
Þórey Hilmarsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurlands

Framboð til skoðunarmanna reikninga FF (2 aðalmenn og 1 varamaður)

Ásdís Ingólfssdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
Garðar Þór Garðarsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Ragnheiður G. Gunnarsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Framboð til fulltrúa FF í stjórn Kennarasambands Íslands (1 aðalmaður og 1 varamaður)

Guðmundur Björgvin Gylfason, Fjölbrautaskóla Suðurlands
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, Menntaskólanum í Reykjavík
Sólveig Ebba Ólafsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að kynna sig. Fram kom athugasemd við að ekki er getið um kynningar frambjóðenda í dagskrá aðalfundarins og lagt til að kynningar falli niður. Samþykkt að kynningar falli niður með 21 atkvæðum gegn 11.

Önnur mál:

- 1. Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ:** Hannes segir að Guðni hafi skorað á hann að sýna þau gögn sem hann hefur verið sakaður um að skila ekki til stjórnar vísindasjóðs og að hann hafi rætt við Guðna. Farið er yfir tölvupósta og útskýrt hvernig gögnum úr kerfi KÍ var skilað til stjórnar vísindasjóðs úr einu bókhaldskerfi í annað. Hannes átti orð við endurskoðanda sjóðsins í gær og í því samtali kom fram að skilagreinar fyrir 10-15 félagsmenn koma til sjóðsins í gegnum KÍ í einni færslu. Úr því verður leyst með nokkuð einföldum hætti. Nokkrar upplýsingar eru um skilagreinar. Hannes gerir samanburð á kostnaði sjóðsins verandi í Kennarahúsi annars vegar og utan húss hins vegar.

Spurt hvers vegna KÍ fer í gagnstefnu gegn vísindasjóði áður en niðurstaða er fengin.

Málið er þannig að kröfur hvors aðila eru lagðar fram og metnar þegar málið er komið fyrir dómstóla.

Öðrum málum er frestað og í gang fer kjör til trúnaðarstarfa og kaffihlé.

- 2. Guðjón H. Hauksson MA:** Sem formaður félagsdeildar í MA finnst vanta að kennarafélögin hafi beina leið sín á milli til samskipta. Vill koma á framfæri að FF eða KÍ stofni póstlista fyrir formenn og trúnaðarmenn. Ekki póstlista tengdan við nöfn heldur við formenn og trúnaðarmennina strax. Telur að hlutir myndu gerast mun hraðar. Kennarar MA hafa áhyggjur af almennatengslum KÍ og FF þ.e. hvernig ímynd stéttarinnar er. Skorar á FF eða KÍ að veita peninga ekki bara inn á við heldur líka út á við. Þurfum að nýta okkur alla miðla.
- 3. Andri Geir Jóhannsson FAS:** Fer í orðskýringar á hugtakinu kennari. Samfélagið ber ekki skynbragð á hugtakinu kennari. Leggur til að FF og KÍ vinni að því að hugtakið kennari hljóti lögverndun.

4. **Hólmfríður Sigþórsdóttir Flensburg:** Kemur með tillögu um kosningar. Leggur til að fyrir aðalfundinn liggi fyrir hverjir bjóði sig fram til trúnaðarstarfa og kynning á frambjóðendum.
5. **Gylfi Þorkelsson FSU:** Í nefndinni sem hann var í kom fram það sjónarmið að félögin væru misvirk og að sjónarmið önnur en stéttarfélagsins kæmust að á kostnað faglegrar umræðu. Í skólanum hans er kosið fagráð á vettvangi félagsins sem sér um að halda uppi faglegru umræðu.
6. **Elna Katrín Jónsdóttir** fulltrúi í viðræðunefnd FF gerir grein fyrir gangi kjaraviðræðna: Allir þekkja þær launakröfur sem lagt var upp með og að við þurfum að krefjast launaleiðréttingar upp á u.þ.b. 17%. Viðræður eru langt í frá búnar en þó er eitt og annað sem hefur gerst. Nú er líklegt að samningur verði til 2 eða 2,5 ára. Lykilkrafa að kröfur okkar nái fram að ganga á þeim tíma. Mikilvægur punktur þegar SNR varð ljóst að gera þyrfti sérstaka kennarasamninga. Lagðar hafa verið fram tölur sem hægt er að ræða um og takast á um. Það eru góð tíðindi. Mikill tími hefur farið í umræður um hvernig þarf að endurmeta vinnutíma kennara sem helst í hendur við framhaldsskólalög. Mikil áhersla á að félagsfólk muni hafa áhrif og skoðun á því nýja óorðna vinnumati þegar það verður komið í einhverja mynd. SNR er að verða ljóst að um það þurfa framhaldsskólakennarar að greiða atkvæði sérstaklega. Hvað varðar framlög til skólanna sjálfra er mikilvægt að átta sig á því að þau tengjast með beinum og óbeinum hætti kjörum okkar fólks. Elna er bjartsýn á að verkfallið verði ekki endilega langt.

Stjórnarkjóri FF 2014 er lýst. Lóa S. Kristjánsdóttir formaður kjörstjórnar gerir grein fyrir niðurstöðum stjórnarkjörs FF 2014. Guðríður Arnardóttir er réttkjörin formaður FF til næstu þriggja ára. Í aðalstjórn FF eru kosin til næstu þriggja ára Reynir Þór Eggertsson, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, Kjartan Þór Ragnarsson, Guðný Lára Petersen. Í varastjórn FF eru kosin til næstu þriggja ára: Elías Þorsteinsson VMA, Sigríður Ragna Birgisdóttir Flensburg, Helga Helena Sturlaugsdóttir IH.

Kjóri til trúnaðarstarfa FF er lýst – Lóa S. Kristjánsdóttir formaður kjörstjórnar gerir grein fyrir niðurstöðum kosninga:

Fulltrúi FF í stjórn KÍ

Aðalmaður

Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, Menntaskólanum í Reykjavík

Varamaður

Guðmundur Björgvin Gylfason, Fjölbrautaskóla Suðurlands

Samninganefnd

Brynjólfur Eyjólfsson, Menntaskólanum á Akureyri

Guðbjörn Björgólfsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, Menntaskólanum í Reykjavík,

Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Menntaskólanum við Sund

Sólveig Ebba Ólafsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS

Aðalmenn

Erla Elín Hansdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
Gísli Þór Sigurþórsson, Menntaskólanum við Sund

Varamaður

Linda Rós Michaelsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík

Uppstillingarnefnd

Aðalmenn

Guðjón Ragnar Jónsson, Menntaskólanum í Reykjavík
Halldóra S. Sigurðardóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð
Anna Sigríður Davíðsdóttir, Menntaskólanum á Akureyri

Varamenn

Baldvin Björgvinsson, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Hjálmar Þór Baldursson, Borgarholtsskóla

Kjörstjórn

Aðalmenn

Halldís Ármannsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti
Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Sund
Sigurður Ingi Andrésson, Tækniskólanum

Varamenn

Hjálmar Jóhannesson, Verkmenntaskóla Austurlands
Kristján Kristjánsson, Tækniskólanum

Skoðunarmenn reikninga

Aðalmenn

Ásdís Ingólfssdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík
Garðar Þór Garðarsson, Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Varamaður

Ragnheiður G. Gunnarsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Sjálfkjörið er til formanns skólamálanefndar FF

Anna María Gunnarsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður FF kallar upp fulltrúa í stjórn og samninganefnd FF sem eru að hætta: Hrafnkel Tuma Kolbeinsson, Halldóru Björt Ewen, Sigurgeir Sveinsson, Jóhann G. Thorarensen, Ágúst Ásgeirsson, Ægi Sigurðsson og Hafdís Fjólu Ásgeirsdóttur. Þakkar þeim fyrir góð störf í þágu FF og færir þeim gjafir.

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir og Hrafnkell Tumi Kolbeinsson þakka fráfarandi formanni FF fyrir samveruna og góð störf í þágu félagsins. Hanna Björg er á persónulegum nótum og flytur tvær vísur sem ortar voru á fundinum af ýmsum fundarmönnum. Tumi þakkar einnig fyrir samstarfið sem hefur verið gefandi en líka oft erfitt. Félagið er í góðum málum fjárhagslega, skurkur var gerður í kynningarmálum og klappað er fyrir Aðalheiði og henni færður þakklætisvottur.

Aðalheiður flytur þakkar- og kveðjuorð. Hún rekur ástæður þess að hún fór inn í stéttarfélagstarfið. Hún var kosin trúnaðarmaður korteri eftir að hún byrjaði að kenna. Trúnaðarmenn eru einn mikilvægasti hornsteinn félagsins og tenging við stéttarfélagið. Mikið af starfi félagsins er ósýnilegt, hagsmunagæsla og réttindagæsla. Margar ögurstundir þar sem tekist var á við stjórnvöld um grundvallaratriði sem varða hagsmuni og réttindi félagsmanna og þá nauðsynlegt að eiga trausta framvarðarsveit; m.a. forvera okkar í starfi sem lyftu Grettistaki í málefnum okkar. Margir átta sig ekki á því mikla dulda starfi sem er stöðugt í gangi. Félag framhaldsskólakennara hefur í langan tíma verið eitt sterkasta stéttarfélag í landinu. Vinnubrögð þess hafa verið öðrum til fyrirmyndar. Hvað varðar samningagerð, gagnaúrvinnslu og gagnaöflun og eitt og annað. Við höfum alltaf verið sterk í kjarabaráttu. Við lærðum líka eitt og annað í samstarfi innan kennarasamtakanna, einkum því er viðvíkur skóla- og menntamálum. Hrunið 2008 gerbreytti öllu í samfélaginu og umhverfi stéttarfélagins og í kjörum félagsmanna. Við hrunið má segja að allt hafi farið á núllpunkt aftur. Og núna höfum við tekið þá ákvörðun að draga línu í sandinn og segja hingað og ekki lengra. Það er gerbreytt orðræða í samfélaginu og aðferðir við að miðla henni og við því hefur verið brugðist með auknu kynningarstarfi. Umræða um styttingarmálin gýs alltaf upp aftur og aftur og ótrúlega mikill tími hefur farið í þá umræðu í langan langan tíma og sér ekki fyrir endann þá þeim málum núna. Það var gæfuspor að ganga til liðs við heildarsamtök kennara. Við höfum alltaf verið gerendur í þeim samtökum og þannig þarf það að vera áfram. Hins vegar eru það verkin í okkar eigin félagi, okkar starf, sem telja fyrst og fremst, það tekur þau engin af okkur eða losar okkur undan því að ábyrgðin á kjörum okkar er í okkar höndum, og ástandið í menntamálum á hverjum tíma. Hún óskar félagsmönnum samstöðu, hugrekksis og framsýni, þakkar samstarfsfólki gott samstarf, óskar nýrri stjórn gæfu sem og félaginu um ókomin ár.

Fundarstjórar þakka fyrir sig.

Guðríði er færður blómvöndur, hún tekur til máls: Byrjar ekki gæfulega sem formaður, bjóst ekki við að tala í dag. Þegar hún tók ákvörðun um að bjóða sig fram vissi hún ekki hverjir væru í framboði. Finnst heiður af því að vera meðal þeirra. Heimsótti marga skóla, var spurð um hvað myndi ráða hvern viðkomandi myndi kjósa, Guðríður taldi t.d. vegna þess að hún er kona. Kemur úr pólitík, hefur sjaldan farið troðnar slóðir. Hlakkar til að takast á við starfið, finnst fundurinn hafa verið frábær. Finnst skýrsla stöðunefndarinnar vera afar góð. Finnst við vera sammála um að samruni aðildarfélaganna verði ekki meiri en hann er nú þegar. Lagabreytingarnar og tillögur fundarins við þær finnst henni vera skýrt veganesti fyrir nýja stjórn inn í framtíðina. Ætlar að nálgast starfið með bjartsýni og tala þannig þ.e. með jákvæðum hætti. Hafa gaman af, brosa og vera jákvæð. Finnst samtakamátturinn sem hún sá í verkfallsmiðstöðunni góður. Þakkar Aðalheiði vel unnin störf og þakkar fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf og þeim sem hafa starfað í hinum ýmsum nefndum. Lýkur þessu með því að biðja nýja stórn og varastjórn að koma upp, býður þau velkomin til starfa. Finnst gott að heyra Elnu Katrínu segja frá því að kjaraviðræður þokist. Segist vera indæl þó svo margir haldi að hún sé erfið í samvinnu. Telur að tíminn framundan verði mjög góður, fullt af verkefnum sem bíða, hún hlakkar til. Þakkar fyrir frábæran fund og er ótrúlega stolt að tilheyra þessum hópi. Frestar aðalfundi FF þar til seinna.

Kl. 17:25 Formaður FF frestar aðalfundi.

Fundarritarar: Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, Halldóra Björt Ewen.